

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 156/2013**

2014/EES/13/04

frá 8. október 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/8/ESB frá 26. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði hennar <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist í 23. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/8/ESB frá 26. febrúar 2013 (Stjtið. ESB L 56, 28.2.2013, bls. 8).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2013/8/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Dórir Ibsen***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 56, 28.2.2013, bls. 8.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.